Qualified Electronic Signature
AGNES ÞORKELSDÓTTIR
2022-07-06 10:12:37 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
BJÖRN STEFÁNSSON
2022-07-06 10:21:47 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

Sveitarfélagið Hornafjörður
b.t. Bartek Skrzypkowski
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 6. júlí 2022
UST202206-172/A.Þ.
10.05.00

**Efni: Byggingarleyfi - Þurrsalerni við Heinaberg - Sveitarfélagið Hornafjörður**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 16. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um byggingarleyfi fyrir þurrsalerni við Heinaberg.

Þurrsalernið er fyrirhugað á svæði sem er innan Vatnajökulsþjóðgarðs sem er friðlýstur skv. sérlögum nr. 60/2007.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að litaval verði þannig að byggingin falli sem best að svipmóti lands sbr. 69. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Stofnunin telur mikilvægt að tryggt verði að þurrsalernunum og umhverfi þeirra verði haldið snyrtilegu og að förgun seyru verði með fullnægjandi hætti.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um afturkræfa framkvæmd að ræða sem hefur ekki mikil umhverfisáhrif í för með sér og gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda umsókn um byggingarleyfi.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir,
***sérfræðingur***

Björn Stefánsson,
***sérfræðingur***